

Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2009



Nýbygging FB sem tekin var í notkun í ágúst 2009

1. Hlutverk og skipulag

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er kennsla á bók-, list- og verknámsbrautum og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut, íþróttabraut og viðskipta- og hagfræðibraut, stúdentspróf að loknu starfsnámi, burtfararpróf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði, próf af sjúkraliðabraut, próf af myndlistar- og handíðabraut. Loks býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut. Námsframboð FB er rekið í dagskóla og kvöldskóla, auk þess sem skólinn á sjálfseignarstofnunina Fjölval, sem rekur Sumarskóla FB í júnímánuði ár hvert.

2. Fjöldi nemenda á brautum og fjöldi útskrifaðra

Nemendur skólans skiptust þannig á brautir skólans:

Fjöldi nemenda eftir brautum			
Tegund náms	2009V	2009H	Hlutf. af dagskóla
Námsstuðningur			5.5%
Starfsbraut	28	33	2.3%
Innflytjendabraut	28	45	3.2%
Nám til stúdentsprófs			42.3%
Félagsfræðibraut	246	260	18.3%
Málabraut	55	56	4.0%
Náttúrufræðibraut	89	113	8.0%
Upplýsinga- og tæknibraut	15	7	0.5%
Viðskiptabrautir	53	48	3.4%
Íþróttabraut	87	116	8.2%
Iðn- og verknám			33.0%
Húsasmíðabraut	111	107	7.6%
Rafvirkjabraut	110	103	7.3%
Snyrtibraut	133	166	11.7%
Sjúkraliðabraut	66	78	5.5%
Nám að loknu starfsnámi	17	14	1.0%
Listnám			19.1%
Handíðabraut	58	71	5.0%
Listnámsbraut	176	200	14.1%
Annað nám			7.4%
Almenn námsbraut	70	96	6.8%
Ótilgreint nám	15	9	0.6%
Samtals	1272	1417	100.0%
Nemendur í leyfi	51	48	
Fjöldi virkra nemenda	1221	1369	
Nemendur í kvöldskóla	776	704	
Samtals í skólanum	1997	2073	

Ríflega helmingur nemenda skólans stundar nám á list- og verknámsbrautum, um 5% nemenda fellur undir svið námsstuðnings og rúm 40% nemenda er skráður á námsbrautir til stúdentsprófs. Breyting í nemendafjölda á brautum er sú helst að nemendum fjölgar á listnámsbrautum, á íþróttabraut, náttúrufræðibraut og snyrtibraut, en fækkar að sama skapi á upplýsingatæknibraut og viðskiptabrautum.

Skólinn útskrifar nemendur tvisvar á ári, í desember og maímánuði. Útskriftir úr skólanum skiptust þannig á milli brauta árið 2009:

Tegund prófs	V09	H09
Stúdentspróf af félagsfræðabraut	27	23
Stúdentspróf af íþróttabraut	3	5
Stúdentspróf af málabraut	6	4
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	4	10
Stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibraut	4	2
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut	5	3
Stúdentspróf af handmenntabraut	4	1
Stúdentspróf af myndlistarbraut	14	7
Handiðabraut 1 ár	11	1
Sjúkraliðar	16	13
Burtfararpróf af snyrtibraut	7	8
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	13	12
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	35	7
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	16	18
Starfsbraut	4	
Samtals lokapróf	169	114

Samantekið má segja að um helmingur útskrifta frá skólanum í hvort skipti hafi verið vegna nemenda í verknámi/starfsnámi, ýmist burtfararpróf eða stúdentspróf að loknu starfsnámi. Á bilinu 29-41% útskrifaðra luku stúdentsprófi af bóknámsbrautum og á bilinu 8-17% luku prófi af listnámsbrautum. Ljóst er þannig að vægi verklegs náms og listnáms er mikið í skólanum, eins og sjá má af eftirfarandi samantekt:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms				
Bóknám, listnám, verknám	Fjöldi		Hlutfall útskrifaðra	
	V09	H09	V09	H09
Bóknámsstúdentspróf	49	47	29%	41%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	29	9	17%	8%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	87	58	51%	51%
Starfsbraut (í sérdeild)	4		2%	

3. Starfsemi

Skólahald var að mestu með hefðbundnum hætti á árinu. Meðal nýjunga í starfsháttum skólans má nefna framabrautina sem var rekin annað árið í röð. Á sjúkraliðabraut var tekin upp sú nýbreytni að halda málstofu þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín í hjúkrun og utanaðkomandi gestum boðið að hlýða á flutninginn ásamt öðrum nemendum brautarinnar. Skólinn hefur lagt áherslu á móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku. Starfrækt er sérstök innflytjendabraut með virkri móttökuáætlun og sérstökum námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga (ISA103-503), svo og sérhannaðri lífsleiknikennslu, auk utanumhalds og námsaðstoðar. Frá hausti 2009 fylgir skólinn umhverfisstefnu Grænánaverkefnisins og hefur fengið skráningu sem „skóli á grænni grein“.

Skólinn hefur tekið þátt í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum. Þannig tók listnámsbrautin þátt í nemenda- og kennaraskiptaverkefnum á vegum Comeniusaráætlunarinnar og innflytjendabrautin hlaut styrk frá Leonardo samstarfsáætluninni til þróunarstarfs. Sögu- og dönskukennarar unnu nemendaskiptaverkefni með Fredericia Gymnasium í Danmörku með tilstilli styrkveitingar frá NordPlus. Loks tók skólinn á móti nemendum og kennurum frá Næstved Gymnasium á haustdögum 2009.

Á vegum listnámsdeildar skólans eru á hverri önn haldnar sýningar á verkum nemenda. Í skúlptúrafanga eru verkin sýnd í Gallerí Tukt, í Hinu húsinu, og nýtur sú sýning ávallt góðrar aðsóknar. Handiðabrautin heldur annars vegar innanhússýningu á verkum nemenda og síðan er á hverju hausti sérstök tískusýning haldin, þar sem sýndir eru kjólar og föt hönnuð af nemendum í lokaáfanga. Þessir viðburðir skreyta skólahaldið.

Skólinn er opinn fyrir margs kyns samstarfi sem getur stutt undir fagmennsku starfsfólks og aukið tengsl við stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki með miklum ávinningi. Þannig vill skólinn treysta samstarf sitt við grunnskóla Breiðholts, sem dæmi um slíkt er að FB ábyrgist kennslu í námsefni framhaldsskóla í Ölduselsskóla, auk þess sem FB heldur reglulega stærðfræðikeppni grunnskólanemenda, ætlaða nemendum í grunnskólum Breiðholts. Loks fær FB inni í Fellaskóla fyrir heimilisfræðikennslu starfsbrautarnemenda einu sinni í viku á starfstíma skólans.

Skólaárið 2008-2009 var síðasta starfsár Kristínar Arnalds skólameistara. Nýr skólameistari FB er Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir og hóf hún störf 1. ágúst 2009. Eitt fyrsta verk nýs skólameistara var að taka við 2000 fermetra nýbyggingu við skólann, sem þá var nýrisin, þökk sé dyggri baráttu fyrrverandi skólameistara. Í nýbyggingunni er stór og glæsilegur matsalur nemenda, 12 nýjar og bjartar kennslustofur, björt tengibygging milli ganga skólans og fallett anddyri er vísar að bílapaninu andspænis Breiðholtslaug og styrkir þannig tengsl skólans við Íþróttahús FB við Austurberg.

Undir stjórn Guðrúnar Hrefnu var á haustönn 2009 hafist handa við að móta skólanum nýja stefnu. Fyrsti þáttur stefnumótunarvinnunnar var sá að deildir kynntu starfsemi sína á starfsmannafundum. Jafnhliða var unnin starfsáætlun um framkvæmd stefnumótunar á vorönn 2010.

4. Fjármál og rekstur

Fjárhagsstaða Fjölbrautaskólans í Breiðholti var erfið í ársbyrjun 2009 og var skólanum því fenginn tilsjónarmaður til að vera stjórnendum til ráðgjafar um fjárhagsstjórnun stofnunarinnar. Skýrsla tilsjónarmanns var birt á vordögum og þar kemur fram að hlutverk tilsjónarmanns var að fylgjast með því

- a) að fjöldi kennslustunda og starfa væri í samræmi við forsendur reiknilíkans,
- b) að vinnuskýrslur og stundatöflur væru í samræmi við heimildir og loks
- c) að gera ráðuneytinu reglulega grein fyrir tilsjóninni.

Að mati tilsjónarmanns mátti rekja rekstrarvandann til óljósrar ábyrgðar á fjárhagslegri ákvarðanatöku og að oft væru ekki nægjanleg tengsl milli ákvarðanatöku og áætlanagerðar, þannig að afdrifaríkar ákvarðanir um fjárútlát væru teknar án þess að styðjast við rekstraráætlun. Rekstrarvandinn birtist helst í eftirfarandi, að mati tilsjónarmanns:

- Of mikilli yfirvinnu
- Of mörgum tímum í raungreinakennslu (3,7 millj.)
- Umsjón og framkvæmd sjúkraliðakennslu (10 millj.)
- Halla á rekstri starfsbrautar (15,6 millj.)
- 166 ígilda mun á áætluðum og raunverulegum ársnemendafjölda 2008

Gerð rekstraráætlunar fyrir 2009 var unnin í samráði við tilsjónarmann þar sem stefnt var að því að greiða uppsafnaðan halla skólans, samtals um 112,5 milljónir, niður á þremur árum, þ.e. um 37,5 milljónir árlega. Í árslok 2009 reyndist skólinn vera rekinn með 16,8 millj. króna rekstrarafgangi, þökk sé aðhaldi í rekstri og því að skólinn skilaði nemendaígildum umfram áætlanir fjárlaga, eins og taflan sýnir:

	Vor 2009	Haust 2009
Dagskóli	1045	1132
Kvöldskóli	150	135
Starfsbraut	29	29
Samtals	1224	1296
Krafa mnrn.	1204	1204
Umframígildi	20	92
	55	

Stefnt er að því að halda rekstri skólans áfram innan fjárlaga, en erfitt getur reynst á niðurskurðartímum að ná að endurgreiða uppsafnaðan rekstrarhalla stofnunarinnar svo snarpt sem til er ætlast. Aðgerðir sem gripið var til á árinu 2009 voru þessar helstar: niðurskurður á fastri yfirvinnu æðstu stjórnenda og skólameistara, 30% niðurskurður á fjármagni sem kennslustjórar höfðu til ráðstöfunar (svokallaður „pottur“) á haustönn 2009, aðhald í tilfallandi yfirvinnu og mikið aðhald varðandi fjölda námseininga hjá nemendum, þannig að nemendur sem sýnt höfðu fram á slakan námsárangur á fyrri önn fengu ekki fleiri en 12 einingar í töflu á haustönn 2009.

Taflan hér á eftir sýnir rekstrartölur skólans á árabílinu 2007-2009:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2007-2009			
Heiti	2009	2008	2007
Dagvinna	509,352,400	491,280,202	442,775,521
Vaktaálag	1,292,683	663,621	583,784
Aukagreiðslur	10,591,332	4,218,963	1,579,113
Yfirvinna	175,833,530	203,779,189	185,807,961
Launatengd gjöld	153,281,539	147,458,380	132,200,105
Laun	850,351,484	847,400,355	762,946,484
Fundur, námskeið og risna	634,363	1,702,485	2,256,403
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	310,650	124,725	523,786
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	4,254,187	1,446,076	1,120,141
Akstur	1,566,384	2,075,468	2,152,446
Ferðakostn.	6,765,584	5,348,754	6,052,776
Tímarit, blöð og bækur	1,236,515	1,353,930	1,079,263
Skrifstofuvörur og áhöld	7,280,119	6,380,921	7,347,278
Aðrar vörur	24,267,637	18,932,242	16,022,305
Skrifstofuvörur	32,784,271	26,667,093	24,448,846
Önnur sérfræðipjónusta	26,475,584	22,408,439	18,647,604
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	5,088,308	3,923,280	2,003,477
Prentun, póstur, augl., flutningar	4,448,093	5,505,957	6,055,478
Sími og ýmis leigugjöld	6,496,965	8,051,198	9,711,856
Pjónusta	42,508,950	39,888,874	36,418,415
Verkaup og byggingavörur	4,010,353	4,048,313	4,033,290
Rafmagn og heitt vatn	11,687,202	10,874,763	9,534,808
Húsaleiga og aðk. ræsting	107,132,716	97,092,198	81,362,815
Húsnæði	122,830,271	112,015,274	94,930,913
Brennslufni og olíur	168,223	92,809	65,225
Verkstæði og varahlutir	725,557	301,294	249,973
	893,780	394,103	315,198
Vextir, bætur, skattar	541,792	811,770	533,997
Eignakaup	27,569,964	28,518,760	48,784,282
Tilfærslur	175,000	385,000	152,820
Eignakaup	28,286,756	29,715,530	49,471,099
Samtals gjöld	1,084,421,096	1,061,429,983	974,583,731
Sértekjur	-82,801,488	-68,783,576	-55,596,476
Aðrar rekstrartekjur	-43,688,999	-43,417,134	-46,431,117
Framlag ríkissjóðs	-974,765,490	-886,994,938	-748,470,785
Samtals tekjur	-1,101,255,977	-999,195,648	-850,498,378
Afgangur (-) / halli	-16,834,881	62,234,335	124,085,353

5. Horft fram á veginn

Þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu er Fjölbrautaskólinn í Breiðholti glæsileg menntastofnun sem hefur alla burði til að vera leiðandi í þjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi. Verið er að móta starfinu stefnu til frambúðar, byggða á þeim trausta grunni sem hér er. Aðall skólans er mjög hátt þjónustustig og einstaklega gott viðmót við nemendur og aðra hagsmunaaðila. Hér ríkir vilji til að mæta sérhverjum nemanda þar sem hann er staddur og leiða sem lengst áfram til aukinnar menntunar. Þegar fyrir liggur skýr

stefna skólans mun einnig leitað leiða til að hanna gæðamatskerfi sem styður faglegt starf og miðlar jafnóðum upplýsingum til starfsfólks um það hversu vel tekst að mæta þeim kröfum sem skólinn setur sér. Þessi úrlausnarefni eru næst á dagskrá hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, auk þess sem skólinn mun, eins og aðrir framhaldsskólar, huga að námskrárgerð í anda nýrra framhaldsskólalaga.

Reykjavík 30. ágúst 2010,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari